

Æskulýðshreyfingar

Baksvið

Nikolai Frederik Severing Grundtíg (1783-1872) er almennt talinn hugmyndafræðingur hinnar dönsku, þjóðlegu uppeldis- og skólahreyfingar, sem stofnaði Lýðháskóla um öll Norðurlönd og hafði einna greinilegust áhrif í Noregi.¹ Þessi áhrif birtast með almennum hætti í kenningum og starfi Guðmundar Hjaltasonar (1853-1919), sem nefndur hefur verið „einn helzti hugmyndafræðingur íslensku ungmennafélagshreyfingarinnar.“² Sjálfur kynntist Guðmundur nokkrum helstu fræðslu- og menningarfrömuðum Danmerkur og Noregs, þar með talinn Christoffer Arndt Bruun (1839-1920), einn forkólfa norsku ungmennafélagshreyfingarinnar, og frumkvöðli danskra Lýðháskóla, Ludvig Peter Schröder (1836-1908).

Guðmundur stundaði nám við framsækna skóla í löndunum báðum. Einn fyrirlesari hans var norski rithöfundurinn og alþýðufræðarinn, Björnstjerne Björnsson (1832-1910), sem ávann sér verðlaun Nóbels í bókmenntum 1903. Jafnframt stundaði Guðmundur fyrirlestrahald um nærfellt öll Norðurlönd. Á Íslandi reyndi hann fyrstur stofnun íslensks Lýðháskóla um miðjan níunda áratug nítjándu aldar á Akureyri samkvæmt norskum og dönskum fyrirmyndum.³ Enn er ótalinn merkur fræðimaður, sem hafði geysileg áhrif á hugmyndafræði íslensku ungmennafélagshreyfingarinnar, sagnfræðinginn Jón Jónsson Aðils (1869-1920), sem á sama hátt og Guðmundur, var undir sterkum áhrifum frá Nikolai Grundtíg. Skal nú í stuttu máli gerð grein fyrir almennum hugmyndafræðigrundvelli ungmennafélagshreyfingarinnar með áherslu á hugmyndir fyrirnefndra forvígismanna.

Þegar árið 1886 var gefinn út fyrirlestur Hafsteins Pjeturssonar um Nikolai Grundtíg. Höfundur dregur upp drungalega mynd af hinu andlega andrúmslofti, sem Grundtíg fæddist í og síðan andhverfðist gegn, einkum fyrir tilstilli móðurástarinnar, áhrifa mágs móðurinnar, Henrik Steffens (1773-1845) og ástinni á frú Leigh, en Grundtíg var kennari á heimili hennar og eiginmannsins um tíma.⁴ Hafstein segir:

Eins og alkunnugt er grúfði hin helkalda, tilfinningalaus skynsemistrú (rationalism) yfir Danmörku seinni hluta fyrri aldar [þ.e. þeirri átjándu]. Skynsemistrú er sú stefna andans, er neitar öllu því, sem hin almenna, mannlega skynjan fær ekki skilið. Þessi stefna andans var nokkurs konar andleg sýki, sem gekk yfir nálega öll lönd og ríki Norður álfunnar seinni hluta fyrri aldar, og kom fram í mörgum og margbreyttum myndum.⁵

En hugur og hjarta stóðust áhlaup hinnar „andlegu sýki“. Grundtíg spjaraði sig, varð í senn menntafrömuður, félagslegur umbótamaður, kristinn hugsuður, norrænufræðingur, þýðandi íslenskra goðsagna og stjórnmálamaður. Hafstein leynir ekki aðdáun sinni á hinum danska jöfri.

¹ Ingi Sigurðsson. Erlendir straumar..., bls .194. – Jón Torfi Jónasson. Lýðháskólar ..., bls. 107.

² Ingi Sigurðsson. Erlendir straumar ..., bl.s 201.

³ Bragi Jósepson. Lýðskólamaðurinn..., bls. 12.

⁴ Hafstein Pjetursson. Nikolai Grundtíg, bls. 6 og 9.

⁵ Sama rit, bls. 3.

Grundtvig var allra manna frjálsslyndastur og hinn mesti framfaramaður. Lýðskólahreyfingin, sem hefur afarmikil, sívaxandi áhrif á allt þjóðlíf Norðurlanda, á að miklu leyti ætt sína að rekja til hans. ...

Grundtvig unni þjóð sinni og þjóðerni heitt, já, jafnvel of heitt. Hvernig þá? Honum hætti við að blanda saman hinu kristilega og hinu þjóðlega. Hann vildi eins og láta tvær hinar dýpstu tilfinningar manns andans, ástina til hins jarðneska og ástina til föðurlands, renna saman í eitt. Þetta er mikilvægt atriði til að skilja þýðing Grundtvigs, því einmitt vegna þessarar hugsunarstefnu geta margar skoðanir hans að eins þróast á Norðurlöndum og orðið samvaxnar þjóðlífinu hjer. Þær hafa engin áhrif á hinn víðlenda umheim. ...

... er hann svo nálægt oss í tímanum, að enn þá er ekki fyllilega hægt að sjá, hverja þýðing hann hefur fyrir hið andlega líf á Norðurlöndum. En hvernig sem fer fyrir Grundtvigingum, er tímar líða fram, þá er það víst, að nafn sálmaskáldsins verður um aldur og æfi ritað gullnu letri í musteri sögunnar, og hans getið, meðan nokkur minnst á bókmenntir Norðurlanda.⁶

Hafstein hefur reynst sannspár um gildi verka Grundtvigs. Ingi Sigurðsson telur, að enda þótt umræða um trúarleg verk Grundtvigs og kenningar hafi ekki verið áberandi á sínum tíma, hafi hann engu að síður haft mikilvæg áhrif á íslenskt menningarlíf – og hið norska reyndar einnig. Um þetta segir Ingi:

Þegar á heildina er litið, hljóta áhrif hugmyndafræði Grundtvigs – bein áhrif Grundtvigs og áhrif Lýðháskólahreyfingarinnar dönsku og norsku - á Íslendinga að teljast býsna mikilvæg. Þessara áhrifa hefur gætt að ákveðnu marki til þessa dags, en mest voru þau á þremur fyrstu áratugum 20. aldar.⁷

Í sama streng tekur Jón Torfi Jónasson.⁸ Grundtvig var umhugað um, að skólastarf miðaðist við að efla einstaklinginn og þroska á þjóðernislegum grunni. Jón Jónsson Aðils túlkar kenningar hans á svofelldan hátt:

[Grundtvig] vildi láta alla alþýðufræðslu stefna að því takmarki að ala upp sjálfstæða, sterka, hrein hjartaða og þrekmikla kynslóð, sem væri sér fyllilega meðvitandi gildis síns, skildi sína köllun og væri fús á að gegna þjóðfélagsskyldum sínum með kostgæfni og samviskusemi. Og hann var á þeirri skoðun að til þess þyrfti alveg að umsteypa hið venjulega skólafyrirkomulag.⁹

Það var Daninn og lærisveinn Grundtvigs, Ludvig Peter Schröder, er umsteypiti „hið venjulega skólafyrirkomulag.“ Guðmundur Hjaltason lýsir honum afar skemmtilega í sjálfsævisögu sinni.

Schröder fylgdi flestöllum síðum heldri manna í klæðaburði og annari hegðan. ... hélt sig ríkmannlegar í mat en Brún, og heimtaði heldur ekki eins mikla sparsemi og sjálfsafneitun eins og Brún [Christoffer Bruun] gerði. Schröder þéruðu allir, nema rétt

⁶ Sama rit, bls. 21-24.

⁷ Ingi Sigurðsson. Áhrif ..., bls. 90.

⁸ Jón Torfi Jónasson. Lýðháskólar ..., bls. 128-129

⁹ Sama rit, bls. 113.

nánustu vinir. Schröder held ég að hefði nú ekki kært sig um, að nemendur færu að spauga mikið við sig. ... var jafnan fár og þur á manninn við flesta ókunnuga, og vildi að nemendur væru fáorðir, gagnorður og fljótir af afljúka erindi sínu, ...¹⁰

Annar lærisveinn meistara Grundvigs, góðvinur og samherji Schröders, gerir þurra fyrirlestra hans og töfrandi aðdráttarafl sem fyrirlesara að umtalsefni. Í Dansk biografisk leksikon gefur að lesa dóm Bruuns: „Ganske vist kunne Ludvig Schröders grundigt forberedte foredrag virke knastørre, men sjældent talte han uden at magnetiske elementer tiltrak tilhørernes sind.“¹¹ Það var einkum, þegar norrænar goðsagnir voru til umfjöllunar, að töfrar þessir sögðu til sín, fremur, en þegar fjallað var um mannkynssögu: „Ludvig Schröders andet hovedemne var Nordens mytologi. Også her var han inspireret af Grundvig. Men her var han sit es.“¹²

Eins og ráða má í tilvitnun úr sjálfsævisögu Guðmundar hér að ofan, kom hinn norski Christoffer Bruun honum allt öðruvísi fyrir sjónir, heldur en Schröder. Christoffer Bruun þessi var prestur, stríðshetja og lýðháskólafrömuður,

mesti og besti spekingur Norðmanna, lærður vel og alþýðlegasti og öflugasti mælskumaður. Og það sem enn meira var varið í, sannur fyrirmyndarmaður í þjóðrækni, mannást, siðgæði og trúrækni... [og] gekk oft í berhögg við tískuna. Klæddi sig eins og sveitabóndi og bar rauða þrjónahúfu á höfði, hafði stóran trefil um hálsinn, ekkert fínt hálslín, skein þar rétt í skyrtuna hreina, og var gullanker þar til brjóstprýði; og í vaðmálsfötum var hann, baðaði sig stundum úti og gekk stöku sinnum berfættur, lét borð sitt ódúkað, og borðaði með tréskæiðum. ... var þægilegur við alla, kunnuga sem ókunnuga, og afar þolinmóður, ... vildi að sem flestir lifðu ströngu hóflífi í öllu, en samt var hann á móti vínbindindi. Brún bannaði okkur piltum að þera sig og sína. .. þoldi [spaugið] vel, alténd þó mér og þvílíkum, sem hann áleit einlæga og græskulausa.¹³

Bruun hafði haft forgöngu um stofnun lýðháskóla í Noregi á áþekkingunni og lýðháskóli Schröders í Askov starfaði. Þar var Guðmundur við nám. Skóla hans, Vonheim, í Gausdal í Noregi er í Norsk biografisk leksikon lýst sem menningarsetri. Þar stendur: „Gausdal fremsto som et kulturelt sentrum í Norge. C.B. bygde videre på Grundtvigs pedagogiske program og synet på den norrøne gjenfødselen. Bruun understøtt Grundtvigs samfunnspolitiske innsats, ...“¹⁴

Í hinni merku bók sinni, Folkelige Grundtanker, er gefin var út 1878, segir Bruun m.a.:

Hvad Norege var, det skal det atter vorde. ... Den Kraft, som luede i vore Fædre sa det gave Gjenskin ut over Europa, den svandt. ... Ud af dette Haab om Norges Gjenfødsel i Fædrenes Aand, er det, at de frie Folkehøiskoler er fremsprungne. ... Dette er Hovedsagen for de frie Folkehøiskoler, at vække til aandeligt Liv, og at klare de aandelig Syn, at begeistre og at meddele en ideal Livesanskuelse. ... [som] ... fører de unge ind til de gamle Sagn om Æserne og deres kampe. ... Vi vil visselig ogsaa hos os

¹⁰ Guðmundur Hjaltason. Æfisaga ..., bls. 93

¹¹ Dansk biografisk leksikon – vefheimild.

¹² Sama heimild.

¹³ Guðmundur Hjaltason. Ævisaga ..., bls. 55 og 93.

¹⁴ Norsk biografisk leksikon.

lære den Kunst, at skape en folkelig Dannelse paa Grundlag af Arven fra vore Fædre.“
15

Hér vottar fyrir fornaldardýrkun, glæstri fortíð menningar, sem horfin er sjónum og nauðsyn ber til að endurheimta. Þar eiga lýðháskólarnir að gegna lykilhlutverki. Hið rétta lífsviðhorf skal skapa á grundvelli goðsagnanna og kristinna viðhorfa í anda Grundtvigs. Þeirra gætir þó meira hjá öðrum, norskum alþýðufræðara, Ole Vig (1824-1857). Hann skrifaði í Folkevennen 1853.

Næst Bibelhistorien maa det høilig ønskes, at man ogsaa kjender det Vigtigste af selve Kirkens historie, ved, hvorledes Guds Rige paa Jorden har udviklet sig ... bevares for mangfoldige Vildfarelser hvortil Folk i vore Dage lettelig falder hen; man vilde langt skarperne skjelne mellem Sandt og Falske, ...¹⁶

Á námárum sínum í Noregi og Danmörku svalg Guðmundur í sig viðhorf, anda og kenningar ofangreindra. En hann hafði ævinlega verið trúhneigður.

„Guðmundur var trúhneigður í æsku og var einlægur trúmaður alla ævi. Hann var gagnrýninn, bæði um trúarleg málefni og annað, og myndaði sér sjálfstæðar skoðanir, sem hann fylgdi eftir í einlægni og oftast af miklum sannfæringarkrafti. Helztu átrúnaðargoð hans á unglingsárunum voru þeir Magnús Stephensen og Hallgrímur Pétursson. ... Um og eftir tvítugt kynntist Guðmundur Matthíasi Jockumssyni, Steingrími Thorteinssyni, Benedikt Gröndal og Gestí Pálssyni. Var hann mikill aðdáandi þeirra alla tíð, enda þótt sumir þeirra snerust hatramlega gegn honum síðar.“¹⁷

Guðmundur var kostaður til náms 1875 af Jóni Jónssyni, landritara, og dvaldi erlendis um tvö tímabil. Fyrirlestra hélt hann víða á Norðurlöndum, en ekki síst á Íslandi virðast áhrif hans nokkur. Eftir seinni heimkomuna 1909 varð hann annar tveggja ritstjóra Skinfaxa, flutti fjölda fyrirlestra og skrifaði gnótt blaðgreina.

En þótt blaðaskrifin hafi án efa haft sín áhrif, má telja víst, að fyrirlestrarnir, sem Guðmundur flutti á ferðum sínum um landið, hafi markað eftirminnilegustu sporin. Með þeim var brautin rudd fyrir héraðsskólana, sem reistir voru víðsvegar um land á þriðja og fjórða áratug aldarinnar. Ferðasögur Guðmundar, bæði frá þessum árum og áður, eru sérstakur kaflar í lífssögu þessa „sérkennilegasta fræðara landsins,“ eins og Helgi Hjörvar nefnir hann.¹⁸

Um hugmyndir sínar leitaði Guðmundur víða fanga. Áður hefur verið dregið á nokkra viskubrunna hans í tengslum við lýðháskólahreyfinguna. En hann las einnig uppeldisfræði af kappi. Um þetta segir Bragi Jósepson:

[G]uðmundur [sækir] hugmyndir sínar víða að. Undirstöðuna fær hann úr kenningum kristindómsins og Nýja testamentinu og úr norrænni og íslenskri menningarhefð. Kenningar Lúthers og Grundtvigs setja einnig sterkan svip á alla hugmyndafræði

¹⁵ Norsk tro og tanke, bls. 99-102.

¹⁶ Sama rit, bls. 95.

¹⁷ Bragi Jósepson. Lýðskólamaðurinn ..., bls. 7.

¹⁸ Sama rit, bls. 14.

Guðmundar. Þekking hans á ritverkum og kenningum ýmissa þekktustu fræðimanna á sviði uppeldisfræði, sálarfræði og heimspeki hefur án efa haft áhrif á skoðanir hans og stefnu. Þá kemur víða fram í ritgerðum og greinum Guðmundar hversu mjög hann hefur verið vakandi fyrir öllu því nýjasta, sem var að gerast í uppeldismálum. T.d. er ljóst að hann hefur gjörþekkt uppeldiskenningar Heegaards, en bók hans , Om Opdragelse, kom einmitt út á árunum sem Guðmundur var við nám í Danmörku [S. Heegaard. Om Opdragelse, Kaupmannahöfn, Gyldendal 1880]. Einnig hefur hann kynnt sér hugmyndir Rovsings, sérstaklega bók hans um hagnýta uppeldisfræði frá 1876 [K. Rovsing. Bidrag til Praktisk Pædagogik. Om Skoleundervisningens Stof, Kaupmannahöfn, Gyldendal 1876).

Að lokum er rétt að nefna að Guðmundur hefur, að því er virðist, lesið að staðaldri [danska] tímaritið Vor Ungdom sem hóf göngu sína 179 og varð strax eitt áhrifamesta tímarit um uppeldis- og skólamál á Norðurlöndum. [Frá 1953 breytt í Dansk Pædagogisk Tidsskrift.] Það er úr þessum efniviði, ásamt lífsreynslu sinni og menntun, sem Guðmundur Hjaltason setur fram fastmótaðar kenningar um uppeldi barna og unglunga.¹⁹

Guðmundur var einnig vel heima í frjálslyndiskenningum samtímans og umræðu um jafnrétti kynjanna. Jafnrétti var honum mikið hjartans mál. Hann bar einskæran hlýhug til kvenna og lagði verulega áherslu á gildi þeirra fyrir hið góða mannlíf og menningu. Lýsing hans á gildi móðurinnar og ástar hennar er hjartnæm. Guðmundur segir svo í ævisögu sinni í minni hinnar óþekktu móður:

Mörg ókend, góð móðir, gerði son sinn stórfrægan og góðfrægan. Hún lyfti honum hátt á örmum elskunnar. Hún huggaði hann og annaðist, þegar hann var barn. Hún sýndi honum sanna fyrirmynd sjálfsfórnaelsku. Og sú fyrirmynd varð hans lífsafl og leiðarljós. Hún kveikti í honum kærleikstrú og hetjuhreysti. Hún kendi honum að elska það, sem gott, hreint og fagurt er. Hún kendi honum fyrsta og besta fróðleikann. Hún leitaði hann uppi eins og týndan pening, er hann fór villtur vegar. Hún reisti hann fallinn á fætur. Hún gerði honum heimilið að Paradís. Og það varð Paradís, sem ekki lokaðist við dauða móðurinnar, heldur lifði, ljómaði og blómgaðist í sál hans alla æfi hans. Hann mundi eftir því alt af, og minning sú varð athvarf hans í öllum þrautum, og yngdi hann upp á eldri árum.²⁰

Svo virðist sem kennsla bæði Schröders og Bruuns í norrænum fræðum hafi skilað sér í aðdáun Guðmundur á hinni norrænu konu, því hann segir:

Einkum voru norrænar konur oft hraustar og öflugar, vitrar og fagrar, tryggar og hugaðar, ráðsnjallar og réttvísar. Þær börðust, ef því var að skifta, og þoldu eins og hetjur sár og sult, eld og vatnavoða. Þær eggjuðu menn sína og frændur til stórræða og strangs réttlætis, eða hefnda. En þær áttu bágt með að fyrirgefa. ... Þær voru mjög sjaldan eins sáttgjarnar, drenglyndar, viðkvæmar og fallega hugsandi eins og t.d. Gunnar, Kári eða Síðu-Hallur. Engin eins og Höskuldur Hvítanesgoði eða Ingimundur gamli.²¹

¹⁹ Bragi Jósefsson. Um uppeldiskenningar..., bl.s 85-86.

²⁰ Guðmundur Hjaltason. Æfisaga..., bls. 387

²¹ Sama rit, bls. 372-373.

Ég sný mér þá að texta Skinfxa eins og áður greinir með þá spurningu í huga, hvort og hvernig hið fræðilega baksvið stofnunar og starfs Ungmennafélags Reykjavíkur fyrsta starfsárið endurspeglar í skrifum mál gagnsins. Greiningin ákvarðast af framvindu umfjöllunar blaðsins um hin aðskiljanlegustu málefni.

Heimildir

Vefheimildir

[https://nbl.snl.no/Christopher Bruun](https://nbl.snl.no/Christopher_Bruun) lesið 1. feb. 2015 (Norsk biografisk leksikon), lesið 1. feb. 2015.

[http://www.denstoredanske.dk/Dansk Biografisk Leksikon/Uddannelse og undervisning/H%C3%B8jskoleforstander/Ludvig Schr%C3%B8der](http://www.denstoredanske.dk/Dansk_Biografisk_Leksikon/Uddannelse_og_undervisning/H%C3%B8jskoleforstander/Ludvig_Schr%C3%B8der) (Dansk biografisk leksikon), lesið 1. feb. 2015.

Óprentaðar heimildir

Skinfaxi 1. árgangur. (Handritadeild Þjóðarbókhöfðu.)

Ritaðar heimildir

Bragi Jósepson. *Lýðskólamaðurinn Guðmundur Hjaltason og ritverk hans*. (Rvk. 1986. KÍ.)

Bragi Jósepson. „Um uppeldiskenningar Guðmundar Hjaltasonar.“ Þuríður J. Kristjánsdóttir (ritstj.) *Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum*. (Rvk. 187, Iðunn), bls. 81-98.

Bruun, Christian. „Folkelige Grundtænkter.“ (Hamar 1878.) Ebbestad Hansen, Jan-Erik (ritstj.) *Norsk tro og tanke 2: 1800-1940*. (Oslo 1998, Tano Aschehoug.), bls. 99-103.

Ebbestad Hansen, Jan-Erik. (ritstj.) *Norsk tro og tanke 2: 1800-1940*. (Oslo 1998, Tano Aschehoug.)

Geir Jónasson. *Ungmennafélög Íslands 1907-1937. Minningarrit*. (Reykjavík 1938, U.M.F. Í.)

Guðmundur Hjaltason. *Æfisaða Guðmundur Hjaltasonar skráð af honum sjálfum og þrír fyrirlestrar*. (Rvk. 1923. UMFÍ.)

Gunnar Kristjánsson. *Rættun lýðs og lands. Ungmennafélag Íslands 75 ára 1907-1982*. (Rvk. 1983, UMFÍ.)

Hafstein Pjetursson, *Nikolai Frederik Severin Grundtvig*. (Reykjavík 1886, Á forlag Kristjáns Ó. Þorgrímssonar.)

Ingi Sigurðsson. „Áhrif hugmyndafræði Grundtvigs á Íslendinga.“ *Ritmennt 9: Ársrit Landsbókasafn Íslands*. (Rvk. 2004), bls. 59-94.

Ingi Sigurðsson. *Erlendir straumar og íslensk viðhorf. Áhrif fjölbjóðlegra hugmyndastefna á Íslendinga 1830-1918.* (Rvk. 2006, Háskólaútgáfan.)

Jón Torfi Jónasson. „Lýðháskólar á Íslandi í byrjun 20. aldar.“ Helgi Skúli Kjartansson og fl. (ritstj.) *Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri.* (Rvk. 1999, KÍ.), bls. 107-134.

Vig, Ole. „Levende Oplysning.“ (Folkevennen 1953). Ebbestad Hansen, Jan-Erik (ritstj.) *Norsk tro og tanke 2: 1800-1940.* (Oslo 1998, Tano Aschehoug.), bls. 95-98.

Um Friðrik Friðriksson (1868-1961)

Séra Friðrik Friðriksson. Minningarraða sér Bjarna Jónssonar vígslubiskups. Kirkjuritið, 17. Árg. 1961, 4. Tbl. bls. 146-154

http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000508349

„Ljósíð leiftraði í kring um hann. Snemma ævinnar var hann handgenginn hinu heilaga, er hann lærði að biðja sem barn við móðurkné. Man ég ljúflyndi og bros elskulegrar móður hans. Af henni gat ungur sonur lært að leggja allt í hönd Drottins.“ 147

Minister verbi divini – þjónn hins guðdómlega orðs

„Séra Friðrik starfaði fyrir æskuna með þeirri sannfæringu, að kristin æska skapaði þjóðinni sanna farsæld.“ 150

Hann er sannur ættjarðarvinur, sem kallar til æskunnar um leið og fánann skal hylla. Undir þínum fagra feldi, fylkir sér nú Íslandsdrótt, ... Hátt, hátt lyftum ljóssins fána, eflum og styðjum ættarjörð og þjóð.“ 151

„Þannig á þjóðin að færa þjóðinni blessun.“ 151

Guðmundur Hjaltason. Æfisaga Guðmundur Hjaltasonar skráð af honum sjálfum og þrír fyrirlestrar. (Rvk. 1923. UMFÍ.)

Christoffer Arndt Bruun (1839-1920), prestur, stríðshetja og lýðháskólafrömuður: „mesti og besti spekingur Norðmanna, lærður vel og alþýðlegasti og öflugast mælskumaður. Og það sem enn meira var varið í, sannur fyrirmyndarmaður í þjóðrækni, mannást, siðgæði og trúrækni.“ 55 „... gekk oft í berhögg við tiskuna. Klæddi sig eins og sveitabóndi og bar rauð prjónahúfu á höfði, hafði stóran trefil um hálsinn, ekkert fínt háslín, skein þar rétt í skyrtuna hreina, og var gullanker þar til brjóstprýði; og í vaðmálsfötum var hann, baðaði sig stundum úti og gekk stöku sinnum berfættur, lét borð sitt ódúkað, og borðaði með tréskíðum. ... var

þægilegur við alla, kunnuga sem ókunnuga, og afar þolinmóður, ... vildi að sem flestir lifðu ströngu hóflífi í öllu, en samt var hann á móti vínbindindi. Brún bannaði okkur piltum að þera sig og sína. .. þoldi [spaugið] vel, alténd þó mér og þvílíkum, sem hann áleit einlæga og græskulausa.“ 93

„Schröder fylgdi flestöllum síðum heldri manna í klæðaburði og annari hegðan. ... hélt sig ríkmannlegar í mat en Brún, og heimtaði heldur ekki eins mikla s parsemi og sjálfsafneitun eins og Brún gerði. Schröder þéruðu allir, nema rétt nánustu vinir. Schröder held ég að hefði nú ekki kært sig um, að nemendur færu að spauga mikið við sig. ... var jafnan fár og þur á manninn við flesta ókunnuga, og vildi að nemendur væru fáorðir, gagnorður og fljótir af afljúka erindi sínu, ...

1883-1884 kennari við skóla í Laufási – líkur Litlahamarsskólanum 137-138 – veturinn eftir hélt skóla á Akureyri, styrk úr opinberum sjóðum með 24 nemendum 139

„Eitt af mestu framfaramálum tíma vorra er æskufélagsskapurinn. Þessi félagsskapur er nú orðinn útbreiddur yfir mestan hluta mentaða heimsins. Og hann er harla nýr; ekki eldri en rúmra 60 ára. Fyrta kristilega æskulýðsfélagið var stofnað í London 1844. Síðan hafa þessi félög breiðst út yfir öll kristin lönd meira eða minna. Árið 1901 náðu þau yfir 50 þjóðir. Voru þá í þeim meira en hálf miljón pilta, auk mjög margra stúlkna. Voru þau þá um 6000 í heiminum. Síðan hefur þeim fjölgað mikið og eru þau nú (1911) yfir 500 í Noregi. Í félagsskap þessum er fjöldi hámentaðra manna. Þar á meðal mesti fjöldi stúdenta. Voru þeir 1901 um 65 þús. En svo hafa þeir smátt og smátt myndað kristilegt félagakerfi sjálfir. Eru nú (1911) í því um 140 þús. stúdenta. Svo er og kominn á gang enn þá einn kristilegur félagsskapur, sem heitir Kristileg viðleitni (Christian Endeavour) með 4 miljónir meðlima.“ 191

„Einkum voru norrænar konur oft hraustar og öflugar, vitrar og fagrar, tryggar og hugaðar, ráðsnjallar og réttvísar. Þær börðust, ef því var að skifta, og þoldu eins og hetjur sár og sult, eld og vatnavoða. Þær eggjuðu menn sína og frændur til stórræða og strangs réttlætis, eða hefnda. En þær áttu bággt með að fyrirgefa. ... Þær voru mjög sjaldan eins sáttgjarnar, drenglyndar, viðkvæmar og fallega hugsandi eins og t.d. Gunnar, Kári eða Síðu-Hallur. Engin eins og Höskuldur Hvítanesgoði eða Ingimundur gamli.“ 372-373

„Mörg ókend, góð móðir, gerði son sinn stórfrægan og góðfrægan. Hún lyfti honum hátt á örmum elskunnar. Hún huggaði hann og annaðist, þegar hann var barn. Hún sýndi honum sanna fyrirmynd sjálfsofnarelsku. Og sú fyrirmynd varð hans lífsafl og leiðarljós. Hún kveikti í honum kærleikstrú og hetjuhreysti. Hún kendi honum að elska það, sem gott, hreint og fagurt er. Hún kendi honum fyrsta og besta fróðleikann. Hún leitaði hann uppi eins og týndan pening, er hann fór villtur vegar. Hún reisti hann fallinn á fætur. Hún gerði honum heimilið að Paradís. Og það varð Paradís, sem ekki lokaðist við dauða móðurinnar, heldur lifði, ljómaði og blómgaðist í sál hans alla æfi hans. Hann mundi eftir því alt af, og minning sú varð athvarf hans í öllum þrautum, og yngdi hann upp á eldri árum.“ 387

„Sem mæður, eiginkonur, unnustur, frænkur, og sem hjú geta konur haft, og hafa haft, dæmalaus menningaráhrif. Heimilislífið er hjarta þjóðfélagsins. Í hjarta þessu er kvennfólkið lífið sálin, þar er aðalverksvið þeirra. Og að vinna vel í því er þeirra mesti sómi, og mesta sæla líka. En hvað verður úr þessum góðu áhrifum, ef þær fara að vasast í pólitík, kosningum, þingstörfum, presta og dómarastörfum og öðrum opinbergum embættum? Ætli þær hirði þá ekki minna um heimilislífið, hugsji minna um börnin, verði lakari mæður og konur? „Eða

verða þær til þess að bæta lögin og stjórnina lítilmögnum í hag?“ Tímin og reynslan hlýtur að svara þessu neitandi eða játandi.“ 388-389

[https://nbl.snl.no/Christopher Bruun lesið 1. feb. 2015](https://nbl.snl.no/Christopher_Bruun_lesid_1._feb._2015) (norsk biografisk leksikon)

„Gausdal fremsto som et kulturelt sentrum í Norge. C.B. bygde videre på Grundtvigs pedagogiske program og synet på den norrøne gjenfødelsen. Bruun understøttet Grundtvigs samfunnspolitiske innsats, ...“

[http://www.denstoredanske.dk/Dansk Biografisk Leksikon/Uddannelse og undervisning/Højskoleforstander/Ludvig Schrøder](http://www.denstoredanske.dk/Dansk_Biografisk_Leksikon/Uddannelse_og_undervisning/H%C3%B8jskoleforstander/Ludvig_Schr%C3%B8der) lesið 1.feb. 2015. (Dansk biografisk leksikon)

Ludvig Peter Schröder 1836-1908, skólastjóri í Rödding, flutt til Askov. Christoffer Bruun: „Ganske vist kunne Ludvig Schröders grundigt forberedte foredrag virke knastørre, men sjældent talte han uden at magnetiske elementer tiltrak tilhørernes sind.“

Efnið skipulagt í tveim bálkum. Hin fyrri mannkynssagan. „Ludvig Schröders andet hovedemne var Nordens mytologi. Også her var han inspireret af Grundvig. Men her var han sit es.“

„De venskab L.S. havde sluttet med de norske grundviiianere 1859 førte til nært samspil med de første norske folkehøjskoler. ... „Der hvort folkets tang ... møder lærernes evne – der ligger højskolens gerning.“

„Ludvig Schröder tog dog ivrigt del i alle de nordiske folkehøjskolemøder, og da der i 1890'erne også blev oprettet folskehøjskoler í finland sögte deres første forstandere alle til Askov for at hente inspiration - ...“

Bragi Jósepson. Lýðskólamaðurinn Guðmundur Hjaltason og ritverk hans. (Rvk. 1986. KÍ.)

Kostaður til nám af Jóni Jónssyni, landritara, 1875. Stundaði nám við Vonheim lýðháskóla í tvö ár, síðan á lýðháskólanum í Askov suður á Jótlandi, fyrstur Íslendinga þar einnig. Hann dvaldi um tíma í Svíþjóð 1880, flutti þar eins og í áðurnefndum löndum, fyrirlestra. Árið 1881 sótti hann Lundúnir heim. Guðmundur kynntist mörgum merkismönnum í fyrri utanlandsdvöl sinni eins og norska lýðskólafrömuðinum, Christopher Bruun, norska stórskáldinu, Björstjerne Björnsson, J. Appel, skólastjóra í Askov og síðar menntamálaráðherra Dana, stofnanda og leiðtoga lýðháskólans í Askov, Ludvig Peter Schröder, norska leikskáldinu, Henrik Ibsen og þýska norrænufræðingnum, Konrad Maurer. Guðmundur hélt ásamt fjölskyldu sinni aftur til langdvalar í Noregi og Danmörku 1903. Hann fluttist heim aftur 1909 og varð ritstjóri Skinfxa ásamt Helga Valtýssyni.

„Árið eftir heimkomuna frá Danmörku [þ.e. eftir fyrri dvölinu] rak Guðmundur skóla á Akureyri og flutti fyrirlestar á ýmsum stöðum í Eyjafirði. Annað árið var hann með skólann á Litlahamri. Árið eftir stóð hann fyrir skóla í Laufási, sem Einar Ásmundsson í Nesi og fleiri höfðu stofnað. Við þennan skóla hafði Guðmundur aðstoðarkennara frá Danmörku, Jens Johansen að nafni. Má segja að þarna hafi verið fyrsti vísir að lýðháskóla á Íslandi, sem svo mætti nefna. Árið 1884 var skólinn fluttur til Akureyrar og þar var hann starfræktur með svipuðum hætti í tvo vetur. ... Það má að vísu heita kaldhæðni orlaganna, að það skyldu vera

skólamennirnir sjálfir, kennararnir við Möðruvallaskóla, sem stuðluðu þannig beint og óbeint að því að skólinn var lagður niður.“ 12

Eftir seinni heimkomuna flutti hann fjölda fyrirlestar og skrifaði gnótt blaðagreina. „En þótt blaðaskrifin hafi án efa haft sín áhrif, má telja víst, að fyrirlestrarnir, sem Guðmundur flutti á ferðum sínum um landið, hafi markað eftirminnilegustu sporin. Með þeim var brautin rudd fyrir héraðsskólana, sem reistir voru víðsvegar um land á þriðja og fjórða áratug aldarinnar. Ferðasögur Guðmundar, bæði frá þessum árum og áður, eru sérstakur kaflí í lífssögu þessa „sérkennilegasta fræðara landsins,“ eins og Helgi Hjörvar nefnir hann.“ 14

Bragi Jóseppsson. „Um uppeldiskenningar Guðmundar Hjaltasonar.“ Puríður J. Kristjánsdóttir (ritstj.) Gefið og þegið. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum. (Rvk. 187, Iðunn), bls. 81-98.

„[G]uðmundur [sækir] hugmyndir sínar víða að. Undirstöðuna fær hann úr kenningum kristindómsins og Nýja testamentinu og úr norrænni og íslenskri menningarhefð. Kenningar Lúthers og Grundvigs setja einnig sterkan svip á alla hugmyndafræði Guðmundar. Þekking hans á ritverkum og kenningum ýmissa þekktustu fræðimanna á sviði uppeldisfræði, sálarfræði og heimspeki hefur á efa haft áhrif á skoðanir hans og stefnu. Þá kemur víða fram í ritgerðum og greinum Guðmundar hversu mjög hann hefur verið vakandi fyrir öllu því nýjasta, sem um var að gerast í uppeldismálum. T.d. er ljóst að hann hefur gjörþekkt uppeldiskenningar Heegaards, en bók hans , Om Opdragelse, kom einmitt út á árunum sem Guðmundur var við nám í Danmörku [S. Heegaard. Om Opdragelse, Kaupmannahöfn, Gyldendal 1880]. Einnig hefur hann kynnt sér hugmyndir Róvsings, sérstaklega bók hans um hagnýta uppeldisfræði frá 1876 [K. Róvsing. Bidrag til Praktisk Pædagogik. Om Skoleundervisningens Stof, Kaupmannahöfn, Gyldendal 1876).

Að lokum er rétt að nefna að Guðmundur hefur, að því er virðist, lesið að staðaldri [danska] tímaritið Vor Ungdom sem hóf göngu sína 1879 og varð strax eitt áhrifamesta tímarit um uppeldis- og skólamál á Norðurlöndum. [Frá 1953 breytt í Dansk Pædagogisk Tidsskrift.] Það er úr þessum efniviði, ásamt lífsreynslu sinni og menntun, sem Guðmundur Hjaltason setur fram fastmótaðar kenningar um uppeldi barna og unglínga.“ 85-86

Hafa þarf í huga, að líkamlegt uppeldi eins og vinna og fimleikar og jafnvel að sumu leyti bóklegar greinar þurfa að vera mismunandi fyrir kynin, en siðferðisuppeldi sennilega hið sama. Eins þar að gæta þess, að stúlkubörn eru oft viðkvæmari og veiklyndari en drengir. 95

Finni barnið, „að það er elskað og virt og að því er sýnd nærgætni og umburðarlyndi er það yfirleitt reiðubúið til þess að elda og virða foreldra sína, kennara og aðra yfirboðara. Það eru þessi jákvæðu samskipti milli barnsins og uppalandans, sem Guðmundur Hjaltason telur mikilvægustu forsendur þess að uppeldið takist vel.“ 95

Helgi Skúli Kjartansson og fl. (ritstj.)Steinar í vörðu til heiðurs Puríði J. Kristjánsdóttur sjötugri. (Rvk. 1999, KÍ.) – Jón Torfi Jónasson. Lýðháskólar á Íslandi í byrjun 20. Aldar. Bls. 107-134.

„Hugmyndirnar að baki fyrstu lýðháskólunum í Danmörku voru í höfuðdráttum fengnar frá Grundtíg þótt hann hafi ekki átt frumkvæði að þessu skólum heldur danskir þjóðernissinnar í Slévík og á Jótlandi. Síðar urðu rit Grundvigs sameiginlegur hugmyndafræðilegur bakgrunnur lýðháskólahreyfingarinnar, bæði í Danmörku og í Noregi, ...“ 107

Samkvæmt Jóni Jónssyni Aðils: „[Grundtvig] vildi láta alla alþýðufræðslu stefna að því takmarki að ala upp sjálfstæða, sterka, hreinhjartaða og þrekmikla kynslóð, sem væri sér fyllilega meðvitandi gildis síns, skildi sína köllun og væri fús á að gegna þjóðfélagsskyldum sínum með kostgæfni og samviskusemi. Og hann var á þeirri skoðun að til þess þyrfti alveg að umsteypa hið venjulega skólafyrirkomulag.“ 113

Á árunum 1879-1930 eru 119 ísl. Askov, þar af 49 konur. 126

„... verður að telja að lýðháskólahugsjónin hafi ekki aðeins náð til Íslands heldur hafi hún náð að skjóta býsna djúpum rótum víða í íslensku þjóðlífi. Hún hefur áreiðanlega haft talsverð áhrif á hugmyndir fólks bæðu um eðli og mikilvægi menntunar og hefur líkast til haft mikil áhrif á mótun íslensks skólakerfis og skólastarfs, bæði á starfshætti og námsefni. Sýnilegir ávextir lýðháskólahreyfingarinnar á Íslandi á öðru áratug aldarinnar [tuttugustu] voru einn hreinræktaður lýðháskóli, skólinn á Hvítárþakka, og annar náskyldur, skólinn að Núpi, auk ef til vill nokkurra unglingskóla annarra, þótt skyldleikinn sé oft óljós. Þar við bættust þrír öflugir bændaskólar þar sem hugsjónir forvígismanna dönsku bændalýðháskólanna voru lagaðar að íslenskri bændamenningu um að minnsta kosti tveggja áratuga skeið. ... Þar að auki má af talsverði sanngirni rekja hina ungu og öfluggu ungmennafélagshreyfingu til (norsku) lýðháskólahreyfingarinnar.... hún féll vel að þjóðernishugsjón íslenskra embættis- og bændastétta á þessu tíma“ 128

„... óhætt að staðhæfa að lýðháskólahugmynd Grundvigs hafi átt hér mjög sterk ítök í þjóðlífi og skólastarfi fyrstu tvo áratugi aldarinnar.“ 129

Valborg Sigurðardóttir. Brautryðjandinn Margaret McMillan (1860-1931).

„Margaret McMillan var raunsæ hugsjónakona. Hún var fjölbæf og stórbrotin gáfukona, víðlesinn tungumálagarpur, rithöfundur og glæsilegur fyrirlesari, djörf í málflutningi og mikill málafylgjumaður. Hún var atkvæðamikill og eldheitur umbótasinni á sviði uppeldis- og félagsmála, leit á barnaheimili sem tæki til að endurbæta hið iðnvædda þjóðfélag. Hún er óvefengjanlega talin upphafsmaður nursery-skóla í Brendlandi, enda þótt Susan Isaacs (1885-1948) þróaði þá og endurnýjaði síðar.“ 92

Hún segir: „Rými, gleði gleðinnar, undir geislaflóði sólarinnar. Það er lífið sjálft og það er yndislegt... Myndir á veggjum, skápur fyrir hvert barn, ljós og litir, hljóðfæri, blóm og þar á að ríka „hugblær“ gleði og kærleika“. Þetta þykir nauðsynlegt fyrir auðmannabörn. „Börn allra stétta þurfa þess líka.“ (Valborg Sigurðardóttir. Brautryðjandinn Margaret McMillan (1860-1931). Helgi Skúli Kjartansson og fl. (ritstj.) Steinar í vörðu til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri. (Rvk. 1999, KÍ.))

Gunnar Kristjánsson. Ræktun lýðs og lands. Ungmennafélag Íslands 75 ára 1907-1982. Rvk. 1983, UMFÍ.

Þórhallur Bjarnason og Jóhannes Jósefsson kjörnir heiðursfélagar 26

Sambandlögin samþykkt á Þingvöllum 1907: „Þátttakendur í sambandinu geta þau ein félög orðið, sem byggja starf sitt á kristilegum grunni grundvelli og senda sambandsstjórninni skuldbindingarskrá sambandsins undir skrifaða af öllum meðlimum félagsins.“ 31

Hún er þessi: „Ég undirritaður lofa því, og legg við drengskap minn, að meðan ég er í þessu félagi, skal ég ekki drekka neina áfenga drykki, né valdi því vísvitandi, að öðru séu þeir veittir. Ég skal vinna með alhug að heill þessa félags, framförum sjálfs mín, andlega og líkamlega, og að velferð og sóma þjóðar minnar í öllu því, sem er þjóðlegt, gott og gagnlegt. Lögum og fyrirskipunum vil ég hlýða í öllu, og leggja fram sérplægnislaust krafta mína til allra þeirra starfa, er mér kynni að vera falið að inna af hendi fyrir félagið.“ 89

Félög fyrir 1906: í Eyjafirði: Ungmennafélag Öxdæla 1900, Dagsbrún í Höfðahverfi 1905, Eining í Bárðardali 1892, Gaman og alvara í Ljósavatnshreppi 1889, Í Skagafirði: Æskan í Staðarhreppi 1905, Framför í Lýtingsstaðahreppi 75

Atkvæðamestur fyrirlesari 1909-1912 er Guðmundur Hjaltason 75

Ályktanir sambandsþing 1940: „Stefna Umf. Í sambandsmálinu er, að Ísland aki að fullu öll sín máli í eigin hendur 1943, samkvæmt heimild í sambandslögunum.“ 90

1943 skorar á Alþingi „að halda fast við fyrri ákvarðanir varðandi sjálfstæðismálið, að Ísland verði sjálfstætt lýðveldi eigi síðar en 17. Júní 1944.“ 90

„Frá upphafi hefur starfsemi UMFÍ byggst á jöfnun rétti kvenna og karla til þátttöku í félagsstarfinu. Á stofnþinginu á Þingvöllum 1907 var samþykkt áskorun til ungmennafélaga „að kosta kapps um að fá almenna þátttöku kvenna í félagsstarfinu“, það voru þó eingöngu karlmenn sem stóðu að þessari samþykkt ...“ 91

Frétt í Skinfaxa 1909: „Umf. Gnúpverja...er ungt félag og efnilegt. Sérstakt í sinni röð að því leyti að kona er formaður þess, ungfrú Margrét Eiríksdóttir kennslukona, ötul og áhugasöm.“ Fyrsta konan sem fm. ?? 91

Ísafold 21. Júní 1911. Íþróttamót: „Leikfimi kvenfólksins þótt mér ljómandi falleg. Æfingarnar margar prýðilega af hendi leystar. Mátti segja að hin fyrsta ganga kvenfólksins á íþróttabrautinni væri því síður en ekki til vansa ...“ 100

Mbl. 20. Júní 1914: Íþróttamót. „Ég ætlaði að minnast á Iðunnar [Ungmennafélag kvenna í Reykjavík] leikfimina. ... Það hefði einhvern tíma þótt ótrúlegt að kvenfólið skyldi verða til þess að skjóta karlmönnum, aftur fyrir sig í sjálfri öndvegisíþrótt veraldarinnar.“ 101-102

„Eina konan – kom sá og sigraði“ (Dagur) Keppni í hestadómum á landsmóti UMFÍ á Akureyri. Kristín Thorberg, eina konan. „...það kom í ljós að hún hafði skotið öllum körlunum aftur fyrir sig og sigrað.“ 193

Skinfaxi: á stofnþingi blaðamáli hreyft. Í okt. 1. Tbl. kemur út: „Skinfaxi heitir hann, og sól og sumaryl vill hann breiða yfir land allt. Bera kveðjur milli ungmennafélaganna víðs vegar um land.“ (Helgi Valtýsson) Fyrsta ritsjórn hann og Guðmundur Hjaltason. 203

Steinþór Guðmundsson á norrænu móti umf á eiðsvelli (Eidsvoll) 1915: „... þegar þér teygði armana til vor út yfir hafið, þá hljótum vér að geta náð höndum saman, ef viljinn er góður, og

á þann hátt byggt brú yfir úthafið, er minnki fjarlægð vora, og komi oss í samband við umheiminn, er vér þörfnumst svo mjög án þess að oss sé hætt við köfnun í fljóðbylgjum framandi áhrifa. Þess veга skipum vér oss vongóður undir merki hinnar norrænu ungmennahreyfingar, þótt fámennir séum.“ 263

Landbúnaðarsýningin 1968. Fjórar stúlkur sem náðu bestu árangri í kálfauppeldi. 316

Úr bókinni Jóhannes á Borg: Jóhannes Jósefsson á spjalli við vin sinn, Þórhall Bjarnason: komust að því, að ungmennafennafélaghr. Væru svipaðar í Dk og N, stofna við Eyjafj. 330

Helgi Valtýsson ritstýrði Skinfxa 1909-1911 331

Eiríkur J. Eiríksson: „Ungmennafélagsskapurinn á, í ekki litlum mæli, rætur sínar að rekja til hans, eins og svo margt í þróunarsögu þjóðar vorrar um tveggja alda skeið.“ 339

Geir Jónasson. Ungmennafélög Íslands 1907-1937. Minningarrit. Reykjavík 1938, U.M.F. Í.

Ásgeir Ásgeirsson: „Ungmennafélögin veittu æskulýðnum fullnægju með margvíslegum hætti. Þau fullnægðu félagsþörf pilta og stúlkna. Þau sköðuðu samstarf og hnýttu vináttubönd, ... vöktu áhuga og umræður. ... Í ungmennafélagunum var rætt um að fegra orðaval og málblæ, um ræktun landsins og að klæða það skógi, þegnskyldu einstaklingsins og merki þjóðarinnar. ... Ungmennafélögin höfðu og að sjálfsögðu forustuna í öllum íþróttamálum. Íslenska glíman var endurvakin. Hún var þeirra þjóðlega íþrótt. Sundíþróttin eflidist stórlega og ýmsar aðkomnar íþróttir náðu fótfestu. Það var reynt að efla skíðaíþróttina ...“ 9-10

Íþróttabrautryðjandi. Jón Þorsteinsson 12.

Daníel Ágústínusson: „Hlutverk hans [félagsskapparins] er að vera gróðrarreitir góðra hugsana og skapa vel vakandi og starfandi menn.“ 15

Guðbrandur Magnússon (einn frumkvöðla að UMR): „Vetrarharðindi erlendrar yfirdrottunar voru gengin um garð, og tekið að vora. Landið fékk ráðherra, búsettan hér heima, íslenskan í þokkabót, tveimur árum en fyrta félagið varð til.“ Fjölgun félagana var dæmi um batann í íslensku þjóðlífi: „Í hverju var þá batinn fólgin? Hann var fólgin í trúnni á þjóðina, landið, framtíðina og endurminningunni um að hér hefði verið lifað frjálssu menningarlífi, og trúnni á aða við mundum þess umkomin að láta þá sögu endurtaks sig. Jafnframt var þetta skilningur á því, að við værum vanbúin, reynslulítil og fátæk.“ 23

„Skíðabrautarvinnan, þar sem jafnvel ungar stúlkur unnu að grjótvinnu í einskonar þegnsskavarvinnu, sumar eftir sumar ...“ 24

Guðmundur Jónsson frá Mosdal (einn forkólfanna á Vestfjörðum og útskurðarmaður, t.d. gjöf til félaganna í Færeyjum): „Þegar ég minnst upphafs ungmennafélaganna á landi hér: fyrstu kynna minna af þeim, samstarfs og áhrifa, þá er mér það í huga sem „sólarsýn“ á björtum og hlýjum vormorgni, þegar stríðviðri og vetrarmyrkur hafa skyndilega horfið. Sýn, sem gefur fullvissu um sumar og sælli daga, þótt enn kunni hret að koma. Sýn, sem flytur fegurð og lífsmæti og veitir ötula krafa og óskipta löngun til dáðríkra starfa.“ 30-31

„Að undirstöðu þessu var hrein og heilbrigði þjóðrækniskennnd og ófölsk ættjarðarást, samhliða einlægri trú á Guð og hin góðu málefni, ...“ 31

Tvö ungmennafélög í Rvk. Umf Reykjavíkur og umf. Iðunn. „Í þeim félögum báðum var þá hið mesta mannval, bæði kvenna og karla.“ 32

Jóhannes úr Kötlum: „Ég man þann dag, fyrir meir en tuttugu árum síðan þegar ég fór í fyrsta sinni á ungmennafélagsfund. Ég átt á enn heima í heiðarbænum, þar sem ég ólst upp, en þaðan var langt og örðugt til samfunda við annað ungt fólk sveitarinnar. Þetta var í maí og ég var einn á ferð fótgangandi. Veðri var svo háttað, að glatt sólskin og hlýtt regn skiptust á. Það var einmitt í svona veðri sem mér í þá daga fannst eitthvað dularfullt, eitthvað ósegjanlega andríkt og yndislegt, geisla upp úr gróandi jörðunni og alla leið inn í brjóst mitt – en á var brjóst mitt miklu finni harpa en nú [1938], svo viðkvæmt, að það skynjaði lauffall haustsins sem hina dýpstu sorg. Og þetta brjóst þráði ekkert heitara en samspilið við hin ungu brjóstin, sem titruðu fyrir sama blænum í sömu þrá. Vordagurinn var um þær mundir eitt óslitið Jóhannesar guðspjall, tilvera ein endalaus Jóhannesar opinberunarbók.

Ég var svo búinn þennan dag, að ég var í svörtum klæðisfötum, fermingarfötunum mínum, einum saman – yfirhöfn átti ég ekki til – og nú reyndist klæðið ekki vandaðra en það, að fötin aflöguðust öll og létu litinn í regninu. En draumar mínir um þátttöku í félagslífi söngelskrar æsku voru meiri háttar en svo, að ég sæi eftir að fórna slikjunni af fallegustu fötunum, sem ég hafði eignast. Það er líka eina fórnin, sem ég hefi fært þessum félagsskap.

Ungmennafélagið varð mér, hálfgildings útlaga af fjöllum, hið sama og vordagurinn moldu íslandsins – sál mín sótti þangað sól og regn og henni þótt gott að gróa í andrúmi þeirra hugsjóna, sem þar voru efst á baugi. Ég kann ekki að telja fram, hvað í veru minni á þangað rætur að rekja, slík áhrif verða aldrei vegin né mæld – en „himneskt var að lifa.“ Og þrátt fyrir dvínandi trú mína á gróðurmagn ungmennafélaganna um nokkurt skeið, gat ég þó aldrei slitið tengslin við þau að fullu, enda er nú trúin aftur tekin að styrkjast, og grunur minn sá, að mikill og fagur maídagur sé í vændum, borinn uppi af nýrri kynslóð, sem ekki horfir í það, þótt fermingarfötin láti nokkuð á sjá í gróðrarskúrunum.

Et til vill reynir þá brjóst mitt að taka undir söng þess dags, þó að strengirnir séu orðnir grófari og þurrari en í gamla daga.“ 45

Ragnheiður O. Björnsson, vikivakafrömuður, barnadanssýning á Þingvöllum 1930.

Snorri Sigfússon, kennari, frá Storð í N. Forgöngumaður um stofnun umf Svardæla. 1909, flutti erindi í Sogni 66-67 – stofn. 32 karlmenn og 16 konur. 323

Svava Þorhallsdóttir: „Unga kvenfólkinu var hreyfingin [Ungmennafélagshreyfingin] ekki síður lyftistöng til starfa og þær gátu fundið þar meira jafnrétti í starfsmöguleikum en víða annarstaðar. Okkur var það víst flestum ljóst, er störfuðum í Ungmennafélaginu „Iðunni“ er var stofnað 16. marz 1908. Það var fyrsta félag með eintómum stúlkum og það einasta.“ 75

„Holtin og melarnir umhverfis okkur urðu önnur í okkar augm, fjöllin tígulegri, málið fegurra og hjartfólgnara. Þjóðin öll var eins og brot af manni sjálfum og sjálfstæði þjóðarinnar var eins og mann eigin fjöregg.“ 75

Þórhallur Bjarnarson: „Ég minnst þess þá fyrst 1905, er ég kom heim til Reykjavíkur, eftir eins vetrar dvöl við lýðháskólann í Askov, og hitti Jón Helgason... er einnig var nýkominn heim frá lýðháskólanum á jaðri. Áttum við oft tal saman um, hve nauðsynlegt væri að Ísland eignaðist svipaðan skóla og anda og innræti, ...“ 82

(Einnig Jóhannes Jósefsson 83 – einnig:stofnaði umf Akureyrar, hvatamaður að stofnun Ungmennafélags Íslands 1907 og fyrsti formaður þess. Fyrstur til að taka þátt í Ólympíuleikum, keppti fyrir hönd Dk í grísk-rómverskri glímu.

<http://www.isi.is/um-isi/heidursveitingar/heidursholl-isi/johannes-josefsson/>

Séra Jakob Ó Lárusson (1887-1937). Skrifaði frá N. 1913 um lýðháskóla: „Ég hugsa mér að lokum skólana sem miðstöð ungmennastarfsemi þeirrar, sem við erum með í og hundruð annarra ungmenna úti um land. Í sambandi við skólana ættu að vera gróðrarstöðvar, íþróttamót, skógræktardagar og fyrirlestrar um andleg og veraldleg efni fyrir almenning. Þeir, sem í skólana hefðu gengið, ættu að verða nokkurskonar æðar, sem flyttu frá hjartanu, skólunum, lifandi strauma allskonar þjóðlífs-gæða út um líkama þjóðarinnar.“ 86

Christian Bruun: „Ef þjóðlífið og líf hvers einstaks manns á ekki alvega að fara í hundana, þá verður æskulýðurinn, sem þegar er orðinn hrifinn af fögrum hugsjónum, einnig að læra að halda fastri tryggði við þær.“ 89

Jón Aðils Jónsson tileinkaði bók sína Dagrenning umfí.

Stofnun umfa Jóhannes Jósefsson og Þórhallur Bjarnason 92 – Jóhannes hafði kynnst norskum ungmennafélagsskap Ervingen 1905 – Þórhallur Askov

Úr ávarpi UMFÍ til Norges ungdomslag á 40 ára afmæli sambandsins 14. Júní 1936: „Íslenzku eru stofnuð fyrir norsk áhrif og eftir norskri fyrirmynd 1906,...“ 154

Ályktun 1936 umfí: „Þar eð stjórnmalaflokkur sá, er nefnir sig Þjóðernissinna, hefur tekið sér kjörorð U.M.F.Í. „Íslandi allt“, lýsir sambandsþingið yfir því, að ungmennafélögin eiga ekkert skylt við nefndan stjórnmalaflokk.“

Vona á Rauðasandi stofnað 1910 fyrri forgöngu Eyjólfss Sveinssonar, kennara, eftir námsdvöl í Noregi. 189

Ungmennafélagið Valþjófur í Önundarfirði stofn 1908 (Guðmundur Jónsson, myndskeri frá Mosdal) „Í félagið bættust innan skamms tvær stúlkur (15. marz): Ágústína Eyjólfsdóttir og Sigríður Jónsdóttir, og voru þannig brautryðjendur þess, að stúlkur (og yfirleitt kvenmenn) gerðust ungmennafélagar.“ 299

Umf Huld í Nauteyrahreppi. St. 1915 Frumkvöðull Aðalbjörg Jónsdóttir 316

Umfa: „Snemma á vaxtarskeiði félagsins tekur það jafnréttismál kvenna á dagskrá. Í marz 1908 er því hreyft, að stofna sérstakt félag kvenna innan U.M. F. Akureyrar. Er og um þær mundir skorað á Samband Ungmennafélag Íslands að senda Alþingi ákveðna áskorun um að viðurkenna fullt jafnrétti kvenna við karlmenn. Ekki varð neitt úr sérstakri félagsstofnun kvenna, en 17. Jan. 1909 er samþykkt að kvenfólk eig aðgang í félagið með fullum réttindum, eigi síður en karlmenn.“ 332

Iðunn og umfr um tíma áhrifamestu umf lands. 344

„Alefling einstaklingsins.“

„Hér á landi hafði regla Góðtemplara unnið mikið og fjölþætt þjóðnytjastarf. Eftir stofnun ungmennafélaganna hófst ný sókn í bindindismálum landsmanna. Sameiginlega barátta þessara afla varð til þess að koma innflutningsbanni á áfengi 1908.“ 374

Við gerð skíðabrautarinnar á Öskuhlíð, umfr og Iðunn. „Allir voru þar jafnir og öllum var þar gert jafn háttu undir höfði, og ekkert manngreinaálit var þar til. Þar bára saman á börum, bæði gjrót og mold, þær biskupsdæturnar frá Laufási og skútukarladætur vestur úr Grjótaþorpi. Og öllum var goldið sama kaup, ...“ 388

„Iðunnarstúlkur þreyttu kappsund á íþróttamóti, sem haldið var í Reykjavík í júlí 1910. Var það í fyrsta sinn, sem konur þreyttu kappsund hérlendis. Áður var varla talið sæmilegt að stúlkur syntu í auglýsni karlmannna. Vær þessi sundsýning þeim mun meira afrek, en annars hefði verið, og munu nöfn keppenda lengi lifa. Með þessu sundi brutu þær niður þesskonar hleypidóma, en klufu öldurnar með mesta dugnaði, sjálfum sér og félaginu til stórrar sæmdar og djarflegrar eftirbreytni. Hinar hugdjörfu sundkonur voru: Svava Þorsteinsdóttir, Sigríður Þorsteinsdóttir, Abelína Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ásbjarnardóttir, sem þótti áhugamesta íþróttakona Iðunnar.“ 393

Áður en ungmf ýmis konar framfra-, bindindis – eða skemmtifélög verið til í landinu. 408

Skinfaxi sameiginlegur U.M.F.Í frá 1909

Fyrsti ritsjóri Skinfaxes 1909 var Helgi Valtýsson – ungmf. Í Noregi eins og fræðimaður og æskulýðsleiðtogi guðmundur Hjaltason 408

1909 um 60 æskulýðsfélög 09

„... ár árunum 1911-1918 tekur Skinfaxi allra blaða bezt, hreina og hiklausa afstöðu með lægri stéttunum og smælingjum þjóðfélagsins.“ 413

Ebbestad Hansen, Jan-Erik: Norsk tro og tanke 2: 1800-1940. Oslo 1998, Tano Aschehoug.

Ole Vig (1824-1857): „Næst Bibelhistorien maa det höilig ønskes, at man ogsaa kjender det Vigtigste af selve Kirkens historie, ved, hvorledes Guds Rige paa Jorden har udviklet sig ... bevares for mangfoldige Vildfarelser hvortil Folk i vore Dage lettelig falder hen; man vilde langt skarpere skjelne mellem Sandt og Faste, ...“ 95 (Folkevennen 1853)

Christopher Bruun (1839-1920) i Folkelige Grundtanker 185

„Hvad norege var, det skal det atter vorde“ – Den Kraft, som luede i vore Fædre sa det gave Gjenskin ut over Europa, den svandt.“ 99

„Ud af dette Haab om Norges Gjenfödsel i Fædrenes Aand, er det, at de frie Folkehöiskoler er fremsprungne.“ 100

„Dette er Hovedsagen for de frie Folkehøiskolen, at vække til aandeligt Liv, og at klare de aandelig Syn, at begeistre og at meddele en ideal Livesanskuelse.“ 101

„... förer de ung eind til de gamle Sagn om Æserne og deres kampe.“ 102

Eins og Danir: „Vi vil visselig ogsaa hos os lære den Kunst, at skape en folkelig Dannelse paa Grundlag af Arven fra vore Fædre.“ 102

Ingi Sigurðsson. Áhrif hugmyndafræði Grundtvigs á Íslendinga. Ritmennt 9: Ársrit Landsbókasafn Íslands. Rvk. 2004, bls. 59-94.

„Þegar á heildina er litið, hljóta áhrif hugmyndafræði Grundtvigs – bein áhrif Grundtvigs og áhrif lýðháskólahreyfingarinnar dönsku og norsku - á Íslendinga að teljast býsna mikilvæg. Þessara áhrifa hefur gætt að ákveðnu marki til þessa dags, en mest voru þau á þremur fyrstu áratugum 20. Aldar.

Ekki er sýnilegt, að trúmálakenningar Grundtvigs hafi komið mikið til umræðu meðal Íslendinga eða að þær hafi haft mikil áhrif, þótt landsmenn hafi verið þeim vel kunnugir. Hins vegar voru áhrifin mjög þýðingarmikil á ýmsum öðrum sviðum.

Danska lýðháskólahreyfingin, sem mótaðist mjög af kenningum Grundtvigs, hafði mikil áhrif meðal Íslendinga, bæði hvað það snertir, að stofnaðir voru skólar, sem beinlínis höfðu lýðháskólana dönsku að fyrirmynd, og hvað varðar starf annarra skóla, svo sem bændaskóla, héraðsskóla og húsmæðraskóla, sem voru undir áhrifum frá lýðháskólahreyfingunni.

Ungmennafélagshreyfingin íslenska ber sterkt svipmót, bæði hvað varðar lög og stefnumál, sem ekki voru bundin í lög, af norsku ungmennafélagshreyfingunni, sem fyrir sitt leyti var undir sterkum áhrifum frá Grundtvig, auk þess sem beinn áhrifa frá dönsku lýðháskólahreyfingunni gætti í íslensku ungmennafélagshreyfingunni.

Grundvig og danska lýðháskólahreyfingin höfðu á ýmsa lund áhrif á söguskoðun og þjóðernishyggju Íslendinga. Má þar nefna tilfinningaþrungna tjáningu og áherzlu á ættjarðarást í ritum um sögu Íslands, svo og tilkomu móðurmálskennslu með þjóðernissinnuðum blæ. Menn, sem höfðu sótt margt til hugmyndafræði dönsku lýðháskólahreyfingarinnar, svo sem Bogi Th. Melsteð og Jón J. Aðils, höfðu mikil áhrif í þessum efnum. Talsverð áherzlubreyting varð í umrædda átt um og upp úr aldamótunum 1900.“ 90

DK: fyrstu lýðháskólinn í Rödding í Norður Slésvík 1844/1869 í Askov 64

„Í flestum lýðháskólum voru kjarnagreinar danska, bókmenntasaga, sag Danmerkur og veraldarsaga, auk þess sem áherzla var lögð á söng og íþróttir. Í fyrirlestrum var mjög skírskotað til þjóðernistilfinningar.“ 65

1.lýðhásk. í N 1864 65

„Guðmundur Hjaltason (1853-1919) mun hafa verið fyrsti Íslendingurinn, sem gekk í lýðháskóla. Hann stundaði nám í Vonheim í Noregi 1875-1877 og í Askov 1877-1879.

„Um aldamótin komust lýðháskólar í miklu meira í brennidepil meðal Íslendinga en áður hafði verið.“ 66 (Jón Aðil og Bogi Melsteð +++, Sigurður Þórólfsson frá Askov, Lýðhsk í rvk 1902-1904, síðan Hvítárbakka 1905-1920)

Núpsskóli 1907 – svo lýðskólabragur á Alþýðuskólanm á Laugum 1924 og Eiðum 1919

Fræðslulög 1907 – lög um gagnfræðaskóla 1930 – héðraðsskóla 1929 – landspróf miðskóla 1946

Ungmennafélög í N eftir miðja 19. Öld – glaðan kristindóm – nátengd lýháskólum – 70

1896 landssamtök ungmennafélaga í N – dönsku enn þá tengdari 71

1. ungm.f. DK 1879 – Danske ungdomsforeningar 1903 – st. Ungm.f. Ak. 1906 – ungm.f. Ís. 1907 72

Nors, + ísl. Mikil áhersla á hið þjóðlega 74

Sambandslög UMFÍ 1908 2. Grein: (úr): „Að reyna af fremsta megni að styðja, viðhalda og efla allt það, sem þjóðlegt er og alíslenskt, svo framt að það horfir til gagn og sóma íslensku þjóðinni. Sérstaklega skal leggja stund á að fegra og hreinsa móðurmálið.“ 75

„Bindindispátturinn í starfi íslensku ungmennafélagshreyfinganna á sér ekki að öllu leyti hliðstæðu í starfi norsku félaganna. Í þessu viðfangi hafði starf sérstakra bindindisfélaga mikið að segja bæði á Íslandi og í Noregi; áhrif þeirra á ungmennafélagshreyfinguna eru mjög mikilvæg. Munur fólst í því, að í lögum norskra ungmennafélaga var yfirleitt ekki um bindindisheit að ræða, en félögin störfuðu hins vegar mikið að bindindismálum. Boðun bindindis var ekki grundvallarþáttur í starfi lýðháskólanna, þótt þar væri lögð áhersla á reglusemi.“ 78

Dagrenning Jóns Aðils tileinkuð ungmennafélögum Ísl. 1910 bls. 87

„En að svo miklu leyti sem um áhrif rómantísku stefnunnar á sagnaritum Íslendinga á fyrstu áratugum 20. aldar er að ræða, má fullyrða, að Grundvig og danskir lýðháskólamenn hafi átt mikinn þátt í að miðla þeim til landsmanna og að þau birtust hérlendis í hinni tilfinningaþrungnu sagnaritun á fyrstu áratugum 20. aldar.“ 88

Hafstein Pjetursson, Nikolai Frederik Severin Grundtvig. Reykjavík 1886, Á forlag Kristjáns Ó. Þorgrímssonar. (cand. Theol.)

“Eins og alkunnugt er grúfði hin helkalda, tilfinningalaus skynsemistrú (rationalism) yfir Danmörku seinni hluta fyrri aldar [þ.e. þeirri átjándu]. Skynsemistrú er sú stefna andans, er neitar öllu því, sem hin almenna, mannlega skynjan fær ekki skilið. Þessi stefna andans var nokkurs konar andlega sýki, sem gekk yfir nálega öll lönd og ríki Norður álfunnar seinni hluta fyrri aldar, og kom fram í mörgum og margbreyttum myndum.” 3

Móðirin: “,, .því glöggskyggni móðurástarinnar leit fljótt, að í hinum unga sveini mundi eitthvað mikið búa. Með kvenlegri, móðurlegri lipurð og lægni vakti hún snemma í hjarta hins unga sveins tilfinninguna fyrir hin fagra, sanna og góða, og kenndi barninu að skilja, hvernig allt þetta stafar frá honum einum, sem er vegurinn, sannleikurinn og lífið.” 4

Eftir sálarlaust nám í skynsemistrú. “Því hvað er nú orðið úr hinum 9 ára gamla sveini, er með brennheitum barnstárum kvaddi móður sína, og hátíðlega lofaði aldrei að gleyma því, sem hún hafði kennt honum, aldrei að láta mynd lausnarans, er hin ágæta móðir hafði málað með lifandi litum fyrir hinni óspilltu hugsjón hins unga sveins, blikna eða fölna? 5-6

“Því eins og Grundtvig við burtförina ur föðuruhúsum var í öllum skilningi barn sinnar ágætu móður, eins er hann nú orðinn í fyllsta skilningi barn samtíðar sinnar, andlaus, tilfinningarlaus skynsemistrúarmaður, eins og samtíðarmenn hans. Það var þungbær sorg fyrir móður hans. Hún grjet og höfgum tárur. En áttu bænir hennar að fljóta árangurslaust. Áttu bænir hennar að vera óheyrðar? Átti þessi sonurinn, sem að andans atgjörvi bar svo langt af öllum hinum,... Og áttu þessar miklu gáfur þannig eins og að kafna undir rústum andlausrar útlifaðrar lífsskoðunar? Nei og aptur nei. Slík sorg átti eigi að særa móðurhjartað. Grundtvig átti að vakna. Heillaandi ættarinnar var ekki horfinn, því sá, sem vekur hann, er frændi hans, hinn nafnkunni Henrik Steffens.

Henrik Steffens er fæddur í Stavanger í Noregi 1773. Mæður þeirra Grundtvigs voru systur. Móðir Steffens jafnaðist reyndar eigi við systur sína að dugnaði og skörungskap, en hún var henni jafnvel fremri í blíðlyndi og guðrækni, og með fullum rjetti gat Steffens kallað hana hinn góða engil lífs síns.” 6

Kennari á Langalandi hjá kaptein Leth. “Kona hans var gáfukona mikil og skáldmælt vel. Og með kvenlegri hrifning hnje hún að þjóðskálanum þýzku, Goethe og Schiller. Frægð þeirra gekk þá fjöllumum hærra. Af samvistinni við hana vaknaði skálfskapargáfa Grundtvigs, sem þangað til hafði lítið borðið á. Hann tók að yrkja. Fyrstu kvæði hans voru ástarljóð, sumir segja um frú Leth.” 9

Schelling. “En sá, sem þó hafði einna mest áhrif á hann um þessar mundir, var hin nýja upprennandi danska stjarna: Adam Oehlenschläger. Kvæði hans bentu anda Grundtvigs meir en áður til hinnar norrænu goðafræði, goðfræði vorrar, sem að djúpskyggni og háfleygi vart á sinn líka í hinum víðlenda goðfræðisheimi. Hann varð brátt næsta hrifinn af goðfræðinni, og einsetti sjer að gjöra hana að lífsnámi sínu.” 8

Hann sleit sig frá frú Leth.

“Það var eins og átjándi öldin keppti við hina nítjándu um hjarta þessa unga manna, sem þær báðar grunaði, að mundi miklu til leiðar geta komið.” 17-18

Þýðing á Snorra. Sagði Rapp (Íslendingur): “Ekkert er síður grundtvígst en Ísland, og ekkert er síður íslenzkt en Grundtvig”.13

“Grundtvig var allra manna fjálslyndastur og hinn mesti framfaramaður. Lýðskólahreyfingin, sem hefur afarmikil, sívaxandi áhrif á allt þjóðlíf Nrðurlanda, á að miklu leyti ætt sína að rekja til hans”21

“Hann tók mikinn þátt í öllum velferðarmálum þjóðar sinnar. Hann var einn af feðrum grundvallarlaganna frá 1849, og átti lengi sæti á ríkisþingi Dana.” 21

“Grundtvig unni þjóð sinni og þjóðerni heitt, já, jafnvel of heitt. Hvernig þá? Honum hætti við að blanda saman hinu kristilega og hinu þjóðlega. Hann vildi eins og láta tvær hinar dýpstu tilfinningar manns andans, ástina til hins jarðneska og ástina til föðurlands, renna saman í eitt.

Þetta er mikilvægt atriði til að skilja þýðing Grundvigs, því einmitt vegna þessarar hugsunarstefnu geta margar skoðnir hans að eins þróast á Norðurlöndum og orðið samvaxnar þjóðlífinu hjer. Þær hafa engin áhrif á hinn víðlenda umheim.” 22

“... er hann svo nálægt oss í tímanum, að enn þá er ekki fyllilega hægt að sjá, hverja þýðing hann hefur fyrir hið andlega líf á Norðurlöndum. En hvernig sem fer fyrir Grundtvigingum, er tímar líða fram, þá er það víst, að nafn sálmaskáldsins verður um aldur og æfi ritað gullnu letri í musteri sögunnar, og hans getið, meðan nokkur minnst á bókmenntir Norðurlanda.” 24

Skinfaxi. Fyrsta dagsett 18. Nóv. 1906.

1. árg. 1 tbl.

Um nafnið: “... svá að aldrei þrjóti dagur framkvæmda, er til góðs stefna, ok ættlandi váru eru til heilla” (ritnefndin) 1

Guðbrandur Magnússon skrifar: “En við þurfum meira en að trúa á eigin framtíð – við eigum einnig að vinna félagi voru gagn – vinna fyrir land vort og þjóð – trúa á þess framtíð. – En til þessa að geta það, þurfum vér trú og vilja sem svo óaðskiljanlega eru aðalöfl allra framkvæmdar – og lykillin að þessum öflum – er hann ekki einmitt þessi:

Trúðu á tvennt í heimi, tign sem æðsta ber. Guð í alheimsgeimi, Guð í sjálfum þér..” 5

Markmið: “að berjst sem einn maður fyrir frelsi þjóðarinnar” 6

Heillarák áhrif t.d. í Noregi, hvaðan hann er kominn 7

1. Árg. 2. Tb. Skrif. 9 des.

“Eigi skrifa ég þessar línur af því að jeg sje svo framúr hófi kvenhollur maður, að jeg uni mjer eigi í fjelagi voru án kvenmanna, heldur af því, að mjer þykir nauðsyn bera til þess, að þeir fái sem fyrst að taka þátt, bæði í því og öðrum ungmennafjelögum, og einnig af því að mjer virðist það heppilegt að ræða það fyrst í blaðinu.

Límansæfingar og heilsa. 6 reglur. Sú fyrsta:

“Sá sem gefur sjer ekki tíma til líkamsæfinga mun sjálfsagt mega gefa sjer tíma til þess að vera veikur.” 13 þýtt eftir Magnús Tómasson

“miðstöð sjálfseflingar” 15

Jón safnfræðingur Jónsson, einna hliðhollra fræðimanna 18 “Frjálssa og sterka þjóð í frjálssu landi.” (Theódór Árnason)

Vangaveltur um fána – áhyggjur á of lítilli þátttöku í umræðum.

1. Arg. 4. Tbl. 1907

Málfar manna sé og rýrt í roðinu til að megi nýtast við lestur á fornsögunum (Bersteinn Sveinsson) “Hvarvetna skin út úr sögunum skarpskyggni og dulspeki, brennandi ættjarðarást ... enn fremur hrein þjóðræknistilfinning og sístarfandi framtakssemi. Í stuttu máli mælt var göfuglyndið og drengskapurinn þjóðareinkennið.” 31-32

“Hvað höfum vjer þá fengið í þess stað? Áhuga fyrir óhollum og andstyggilegum erlendum skáldsögum, sem vanalega eru þýddar á afskræmt og bjagað mál. Að launum hefir svo lesandinn viðbjóðslegar, svívirðilegar og lognar skuggamyndir hvílandi á sál sinni.” 33

Nýkominn félagi til Rvk. “Eitt það ljótasta sem jeg hefi sjeð er meðferð á gömlu fólki. Sjerstaklega kvenfólki. Það er algengt hjer að gamalt fók, sem er komið hátt á sjötugs aldur, er látið vera úti um hávetur í hvað veðri sem er, við vatnsburð og aðra því um líka vinnu. En unga fólkið ýmist situr inni við ofhita eða það er á skemtigöngum um fjölförnustu götur borgarinar.” 33-34.

“Nærri því daglega sje jeg steinblindann mann sem er á að giska um sjötugt aka vatni upp eftir Laugarveginn þar sem hann er brattastur. Leiðarvísir gamla mannsins er gömul kona semleiðir hann við hönd sjer. Þessi blind maður er notaður til keirslu líkt og blindir hestar erlendis, eru hafðir til keirslu í kolanámmunum. Þessi dæmi höfum við daglega fyrir augunum. Þegar við göngum eftir götum bæarins, er komium við niður að hafninni þá tekur ekki betra við. Þar gefst á að líta, hvar kvennfólkið stritar með kolapokann á herðunum. Þessi svívirðilega meðferð á gömlum konum, er landi og þjóð til ævarandi skammar.” 34-35
Og hvað skyldu útlendingar halda? (Guðmundur Sigmundsson)

Um óstundvísi Íslendinga – um fyrirkomulag “hluttöku” í sömu stúku eða aðgreindar. “Hvað sem öðru líður finnst mjer það sja ífsagt að vinna þannig að útbreiðslu fjelagskaparina að konur taki sem first þátt í honum, hvernig sem fyrirkomulagið yrði,...” (Jakob Lárus) 41

Ef vel er að Skinfxa og félagsskapnum búid: “Það er auðvitað mjög svo erfitt fyrir svona smávaxinn og lítinn hóp og sá er, sem þú [Skinfxi] hefur yfir að segja. En ef þessi hópur reynist vel sem eg efast ekki um muntu verða fær um að vinna viðfangsmikið verk, verk sem aldrei gleymist meðan nokkur drengskapur og dáð býr í brjósti nokkurs Íslending. Það er fyrsta sportið til þess að land vort geti komist áfram og jafnvel orðið sjálfsbjarga og það er fyrir það ef þessi félagsskapur vor fer sívaxandi þá er það hinn fyrsti æskulýðsfélagsskapur hér sem á fyrir sér að vaxa að visku og þroska. Stofnaður fyrir fult og alt fyrir komandi kynslóðir, sem munu þroskast og blómgast til eilífðar. Þessi félagsskapur vor verður því sem hyrningarsteinn komandi kinslóða fósturjarðar vorrar, er mun styrkja og efla alt gott og gagnlegt.” 44 (Sigurjón Pétursson)

Náttúrlífslýsingar – óður til sólarinnar – og fjallkonunnar – skáldverk:

“”Þarna kemur Fjallkonan,” sagði Sólin, “sæl vertu þú barnið mitt, hvað vilt þú? Fjallkonan leit beint í Sólina djúpbláum augum, og mælti stilt og með sogarblöndnum rómi: “Gefðu mér aftur gullkórónu mína. Sólin laut niður að Fjallkonunni og kysti á enni hennar og mælti: “Vertu ánægð með skikkjuna og hjálminn frá mér, börnin þín eiga að gefa þér gullkórónu.”” (Snorri Einarsson) 46-47

1.árg. 5.tbl. 1907

Indriði Guðmundsson segir taka á sig byrðar forfeðranna sem eyddu skóginum – “gjalda feðranna misgjörða.” 50

Málvöndu: Skinfaxi má skrá öll “orðskýpi”

“Móðir mín kenndi mér kvæði um þig [Ísland], sem geymdu hinar fegurstu hugsanir og heitustu ást barna þinna.... Ég tók ástfóstri við heimilið, af því að þar leið mér best ... þar var alt athvarf mitt – í skauti móður minnar – en æskustöðvarnar eru ofurlítill hluti fósturjarðarinnar, og þar vaknar ástin, fyrst til æskuheimilisins og aðrar, þegar sjóndeildarhringurinn víkkar nemur hún land, og verður ættjarðarást.” 53-56 (Snorri Einarsson)

Dæmisögur – upptötva landsins gæði

1.árg. 6 tbl.

“dáðríku dengir,” sem fluttust hingað undan ofriki Haralds H. “Lifi frelsi hinnar íslensku þjóðar.” 69 (Ársæll Árnason).

“Íþróttir tigna þjóðirnar jafnan mest á blómatímum sínum. Hnignun í íþróttum er optast í sambandi við á hnignun þjóðanna.” 71

Málvöndun nú “mállýtasafn.” T.d. Helga Valtýssyni bent á, að segja ekki dispútera heldur ræða áf kappi, fara í kappræðu eða þrætu, segja nota en ekki brúka og stundarfjórðung eða fjórð fremur en kvartíma. 72

Þýddar sögur, t.d. “Bóndinn, sem átti að búverka.” Af Þorsteini Friðrikssyni. Skapstyggi bóndinn, sem var leiður kellu sinni. En hún vildi þá fara í útiverkin.

Getið um fyrirlestra um skíðaiðkanir. Fleir á skíðum. Jón Jónsson sagnfræ um Eggert Ólafsson sökum þess, “að Ungmennafélögin væru stofnuð til að framfylgja mörgu hinu sama, er hann var fyrstur upphafsmaður að, svo sem endurreisn og eflingu alls þess sem er ram-íslenzkt og þjóðinni er til gagns og sóma.” 78

1.árg. 7 tbl.

Lof um glímukappa og lýsingu á glímu þeirra. Nefndirð: Hallgrímur Benediktsson, Guðmundur Stefánsson Pétur Gunnlaugsson og Sigurjón Pétursson. 87

Efla listir

1.árg. 8 tbl.

Glímukappi: “Guðbrandur Magnússon er knálegur á velli, vel limaður og vöðvastæltur og vænlegur á glímuvelli, ...” 95 “Kristján Sigurðsson glímir stíðlega og ætti ekki að láta sjá síg á glímusviði, ...” 96

“Ungmennafélög vora Íslendinga eiga að keppa að því, að hin íslenska þjóð geti staðið jafnfætis öðrum þjóðum, að allri líkamlegri og andlegri atgjörvi.” 102 (Snorri Einarsson)

“Þjóðrækni eða þjóðernistilfinning er einhver sú göfugasta hugsun mannsins; um það blandast engum hugur; ...” 104 Guðmundur Björgvinsson

1. árg. 10 tbl.

“Ef vér hyggjum aðeins á, að hreinsa mesta sorann úr tungu vorri getur hún aldrei orðið sá demantur sem hrein íslenska er. Látum það vera markmið vort að hreinsa allann sorann. Þegar því er starfi er lokið, á engin þjóð í heiminum dýrmætari demant en íslenska þjóðin.” 127 Sigtryggur Eiríksson.

Um fundarsköp

“hefja þjóð vora á hærra menningarstig.” 131

11. tbl.

“Eigi verður of mikið af því látið að Íslendingar séu ættlerar forfeðra sinna að því er líkamshreysti go íþróttir snertir.” 146 “Menntun verður að vera líkamleg eigi síður en andleg.” 147

12 tbl.

“Frjáls og hraust menningar og framfararþjóð.” 152

13. tbl.

Ritnefnd biður men 10. Nóv. 1907 “að kalla sig ekki lengur “Skinnfaxa” heldur Skinfxa, af því að skin er af faxi hans, eins og skin solar.” 157

“Hvað eigum við að lesa” “Skáldsögur þessar eru flestar; lýsa oft miður sæmilegu framferði í borugm heimsins. Ástar-æfintýri þeirra eru oft þannig löguð, að þau æsa mjög tilfinningar lesarans; honuum finnst hann næstum langa til að komast í slík æfintýri. Þetta getru orðið til þess, að men tapi rétttri hugsun og verði veikari fyrir utan að komandi áhrifum, sem stundum vilja leiða á götur siðleysis og spillingar.” 159

Mælir með (Magnús Gíslason) Gullöld Íslendinga eftri JJ.

Miklar umræður um eðli formanna og líkindi með nútímamönnum

14, tbl.

Um 130 manns í fél. – ágnúast út í “slæpingja”

Minnign aldarafælis Jónasar Hallgrímssonar

16. tbl.

Bjarni frá Vogu og Ísafoldar Björn mæla með félaginu – trana sér fram?

Árshátíð: málsverður, mælt fyrir minni ungmennafélagsins, skrautsýning úr Gísla sögu Súrssonar, upplestur frumsaminnar smásögu, mælt fyrir minni íslenskunnar, lesinn kafla úr Njálu, flutt kvæði um ýmis konar ástir, fluttur gamanleikur, kveðnar stökur, minning fánans og fánakvæði Einars Benediktssonar sungið.

Á kvöldskemmtun: Íslensk glíma, kveðnar gamanvísur, sýns grísk glíma, samspil á fiðlu og orgel og skautasýning.

199 síður með efnisskrá. 1. Blað 18. Nóv 1906.

Þórir Óskarsson. Raunsæi og nýrómantík íslenskra bókmennta 1882-1918. Sigurður Líndal og Pétur Hrafn Árnason (ritstj.). Saga Íslands X. (Rvk. 2009, Hib.), 315-462.

„Um bókmenntasöguhugtakið nýrómantík gildir sama og um hugtakið raunsæi að það vísar ekki til einnar fastmótaðrar skáldskaparstefnu. Miklu fremur bendir það til nokkurra eðlisskylda en samt sundurleitra hneigða eða hreyfinga í norrænum bókmenntum árána 1890-1920. Eins og heitið nýrómatík gefur til kynna eiga þær ýmislegt sameiginlegt með upprunalegri rómantík 19. aldar, enda þótti mörgum sem um nokkurs konar endurvakningu hennar væri að ræða. Skýrast birtist sá skyldleiki í andófi nýrómantískra skálda gegn meginviðhorfi raunsæismanna að einblína á gráan, hlutbundinn hversdagsleikann og vandamál samtímans. Þá gáfu fæstir þeirra sig að þjóðfélagsmálefnum, stjórnámum, framkvæmdum eða atvinnuþróun.“ 376

„Í norrænum bókmenntasögun er hugtakið raunsæi iðulega notað sem hálfgerð samheiti nokkurra eðlisskyldra bókmenntastrauma á síða hluta 19. Aldar þar sem höfundar beindu sjónum sínum fyrst og fremst að áþreifanlegum veruleika almennings og reyndu hvorki eða fegra hann eða stílfæra né sjá í honum birtingarmynd einhvers æðri veruleika. Að þessu leyti myndaði raunsæisstefnan skýra andstæðu við hughyggju og fegurðardýrkun hreyfinganna sem fóru á undan og eftir, rómantíkur og nýrómatíkur, og áhersluna sem þar var lögð á fjarlægð í tíma og rúmi og einstaklingsbundna skynjun þess sem stendur utan samfélagsins. Innan stefnunnar má greina tvo meginstrauma eða þróunarstig: Gagnrýnið raunsæi og natúralisma.

Með fyrnefnda straumnum er sérstaklega vísað til bókmennta sem tóku mið af skrifum og fyrirlestrum Georges Brandes um rétt frjálsra rannsókna og kröfum hans um að skáld taki brýn, félagslega vandamál líðandi stundar til umræðu á gagnrýninn hátt. Með síðastnefnda straumnum er á hinn bóginn skírskotað til bókmennta sem mótuðust af hugmynd franskra rithöfunda, ekki síst Emiles Zola, um að skáld tækju raunvísindalegar aðferðir samtímans til fyrirmyndar við samningu verka sinna, gerðu þau að nákvæmum greiningum eða jafnvel tilraunum á því hvernig erfiðir, umhverfi, tíðarandi og venjur móti fólk og valdi því að það

bregst á tiltekinn hátt við aðstæðum, atburðum og öðru fólki. Skapandi ímyndunarafl höfunda væri því óþarfi.“ 333

(Hannes Hafstein: Um Georg Brandes. Heimdallur; 3.tbl. 1884, 34) „Georg Brandes er sá maður, sem Norðurlönd fyrst og fremst eiga að þakka þá andlegu hreifingu, sem gengið hefur yfir þau síðan umárið 1870. Flestallir hinir yngri og betri rífhöfundar Norðurlanda eiga honum meira og minna upp að unna; hann hefur haldið upp fána frjálsrar hugsunar og frjálsrar rannsóknar; og fremstur í flokki reynt að veita hinum miklu, andlegu straumum álfunnar inn á land sitt, og setja það í samband við hinar alþjóðlegu menntir.“

„Náttúru- og ættjarðarljóð Bjarna Thorarensen (1786-1841) frá fyrsta áratugi 19. Aldar hafa jafnan verið talin fyrsta ótvíræða vísbendingin um áhrif rómantísku stefnunnar á íslenskar bókmenntir.“ 377

Rómantíska tímabilinu má skipta „í fjögur smærri skeið: 1. Rómantík (1807-35), 2. Þjóðernisrómantík og skáldlegt innsæi (1835-43), 3. Rómantismi (1843-1848), 4. Þjóðfélagsleg virkni og (gagnrýnin) hughyggja (1848-82).

Eins og allar bókmenntasögulegar flokkanir felur þessi tímabilaskipting í sér vissar alhæfingar. Af þeim sökum er eðlilegra að taka hana fremur sem vísbendingu um það hvenær tilteknar hneigðir fóru að gera vart við sig í íslenskum skáldskap en staðhæfingu um einhver gagnger umskipti eða straumhvörf í menningunni.“ 381